



Reykjavík 28. október 2019

Borgarráð
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Efni: *Borgarráð 3.10.'19: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi matar- og kaffiaðstöðu vagnstjóra Strætó bs*

Á öllum endastöðvum í leiðaneti Strætó er aðstaða fyrir vagnstjóra til að matast ásamt salernisaðstöðu. Aðstaðan er ýmist í gámahúsum eða í hefðbundnu húsnæði, sérbyggðu eða sem hluti af húsnæði. Aðstaðan er með rennandi vatni, rafmagni, eldhúsaðstöðu, borðum, stólum, einangruð (gámahús) og upphituð. Húsin eru tengd við veitukerfið og eru vatnssalerni í sérrými í gámahúsunum. Þá er einnig matar- og kaffiaðstaða í hefðbundnu húsnæði s.s. við Hlemm, í Hamraborg og í Mjódd. Allar endastöðvar eru ræstar alla virka daga. Þá er aðstaðan á Hlemmi ræst alla sjö daga vikunnar.

Strætó, í samráði við hlutaðeigandi sveitarfélag, sér til þess að útvega og tryggja að matar- og kaffiaðstaða fyrir vagnstjóra sé til staðar.

Endastöðvar með matar- og kaffiaðstöðu fyrir vagnstjóra eru á eftirfarandi stöðum:

Reykjavík: Skeljanes, Grandagarður, Hlemmur, Nauthólsvegur, Spöng, Slétturvegur og BSÍ

Mosfellsbær: Reykjavegur

Kópavogur: Hamraborg

Garðabær: Ásgarður

Hafnarfjörður: Fjörður og Klukkuvellir

Matar- og kaffiaðstaða vagnstjóra er í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.



Hver akstursaðili sér um að vagnstjórar geti notið matar og kaffi á sinni vakt, sem dæmi þá leysa svokallaðir hlauparar af vagnstjóra hjá Strætó þ.a. þeir fá matar- og kaffipásu, inn í tímatöflu eru innbyggð hlé sem einnig er hægt að nýta sem matar- og kaffipásur. Þessi hlé eru stillt þannig að þau eru á endastöðvum. Hlé milli ferða getur verið allt frá 2 mín upp í 30 mín eftir leiðum og tíma dagsins. Það kemur fyrir að ekki næst slíkt vegna atvika sem eiga sér stað, t.d. mikil umferð, slys o.fl. Stjórnstöð Strætó sér stöðu vagna og grípur inn í ef vagnar eru orðnir það seinir að næsta ferð hefur náð fyrri ferð og biður viðkomandi að taka sig af leið og stilla sig miðað við tímatöflu. Ekki er haldið utan um hvers algengt þetta er en þetta kemur reglulega fyrir.

Virðingarfyllst,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri